



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM HANDBÓK KENNARA

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 felur stjórn FG að gefa út *Handbók kennara* í sömu mynd og Kennarasamband Íslands gerði og óskað verði eftir heimild KÍ til þess. Fyrsti útgáfudagur verði á haustmánuðum 2018 og haldi svo áfram líkt og áður á hverju hausti.

Mikilvægt er að Handbók kennara komi út árlega því hún er nýtt af fjölda kennara við skipulagsstörf og skráningu. Auk þess er þar að finna fjölda gagnlegra upplýsinga. Til að gæta hagræðis er mikilvægt að opna fyrir þann möguleika að kennarar merki við á „Mínum síðum“ og velji **hvort að** þeir vilja bókina **eður ei**. Þannig er hægt að sjá hver eftirspurnin er.

Kannaðar verði leiðir til að draga úr framleiðslukostnaði í samráði við útgáfusvið KÍ.

Kannaður verði vilji annarra aðildarfélaga KÍ til að taka þátt í þessu verkefni.